



Lokahönd lögó á frágang sýningarinnar í Hafnarhúsinu.


Morgunblaðið/Kristinn

ÍSLAND ÖÐRUM AUGUM LITIÐ


Í salarkynnum Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu er að hefjast samsýning á verkum fimm listamanna, þeirra Roni Horn, Douwe Jan Bakker, Romans Signers, Birgis Andréssonar og Harðar Ágústssonar.

Sýningin ber heitið Ísland öðrum augum litið.

RAGNA GARÐARS-DÓTTIR ræddi við Birgi.



Morgunblaðið/Kristinn



Birgir Andrésson

LÍKT og heitið gefur til kynna er meiningin að leitast við að líta Ísland öðrum augum en venjan er. Líkt og Birgir Andrésson benti á er athyglisvert að skoða allt í senn, hvaða augum íslenskir listamenn líta land sitt og menningu, hvaða sýn útlendingar hafa haft á Ísland og hafa, og að lokum hvað verður úr þegar verkum íslenskra og erlendra listamanna er stefnt saman undir slíkri yfirskrift. Birgir taldi skírskotunina til verka 18. og 19. aldar Íslandskönnuða ennfremur vera óhjákvæmilega. Þeir hefðu margir hverjir sett fram um margt sérkennilega sýn á land og þjóð, sem oftast er ekki átti rætur að rekja til lesturs á Íslendingasögum. Slík sýn er engan veginn síðri eða skárrí en aðrar að dómi Birgis, heldur hreinlega og einfaldlega ein af mörgum. Það megi jafnvel vera að sú sýn hafi auðveldað Íslendingum sjálfum að koma auga á listrænt gildi í sínu nánasta umhverfi. Vanninn getur varið mönnum sýn á stórfengleika umhverfisins, og þá einkum og sérílagi þegar stórfengleikinn felur í sér örþingd og vonleysi. Birgi leikur forvitni á að vita hvaða sjónarhorn muni skapast af þessari samsýningu og vonast til að spurningar vakni um sjálfsmynd Íslendinga, margslunni hennar jafnt sem einfaldleika.

Þjó með Donald Judd

Hugmyndin að sýningunni spratt úr höfði Birgis, en þó ekki alsköpuð. Hann kvað hana hafa búið með nýlátna bandaríska listamanninum Donald Judd allar götur frá því hann leit húsateikningar Harðar Ágústssonar augum. Judd þótti einkum áhugavert samspil lands og þjóðar annars vegar og listsköpunar hins vegar. Pétur Ármannsson, sem Birgir titlaði sérfræðing í verkum Harðar Ágústssonar, sagði mér dálítið af Herði og verkum hans. Hann brá m.a. birtu á nóstursamleg vinnubrögðin í húsateikningum Harðar.

„Herði var mikið í mun að endurreisa hrundar eða hálfhrundar kirkjur og bæi í listaverkum sínum, og gerði af vísindalegri nákvæmni.“ Pétur benti á að þótt hann hefði leitað markvisst í skjóður fornleifafraeðinnar og sagnfræðinnar, fullnægði það engan veginn þörf hans fyrir endursköpun á vængjum ímyndunarafslisins jafnt sem heimilda. „Það er ekki hægt að draga mörkin milli sköpunar og

Starfsmaður Listasafns Reykjavíkur hengir upp teikningar Harðar Ágústssonar.

rannsóknna“, komst Pétur að orði.

Birgir lét í það skína að myndir Harðar væru einna helst tildrög sýningarinnar og átti vart önnur orð til að lýsa yfir hrifningu sinni á þeim listamanni en, „Hörður er náttúrulega alveg hreint makalaus“.

Geysilega mikil dýpt

Að upprunasögu hugmyndarinnar lokinni teymdi Birgir mig um sýningarrýmið og sagði mér af listamönnunum og verkum þeirra. Við stöldrúðum allengi við verk Hollendingins Douwe Jan Bakker, enda verk hans öll komin upp á vegg og því gerlegt að spá eitthvað í þau.

„Það er geysilega mikil dýpt í þessum verkum Bakkers“, sagði Birgir. Við okkur blasti sjötíu og tveggja mynda sería af smáum myndum, mjög í hóf stílltum. Í hverjum ramma er að finna daufita ljósmynd af íslenskrí náttúru, og þá af svo öldungis óæsilegum fyrirbærum eins og þífu eða grasbakka. Sérhver ljósmynd er aftur sniðin í sitt sérstaka form, sem líklega endurspeglar tilfinningu listamannsins fyrir táknrænu formi landlagsins. Birgir kvaðst líta á framsetningu Bakkers sem tillögu að persónugerð landslagsins. Hver landslagshluti á sitt eigið nafn í tungumálinu og jafnframt formgerð í huga

listamannsins. Með þessu móti virðist Bakker leitast við að tengja landslag, þjóð og menningu órjúfanlegum táknböndum, og gefur eitt öðru merkingu með gagnvirkum hætti. Af framsetningunni að dæma virðist engin leið að að skera á þessi tengsl eða afmarka einn þátt. Hér er ekki vettvangur til að gera öðrum listamönnum skil, en ætti lýsingin á verkum Bakkers að fullvissa menn um þau djásn sem þeir eiga í vændum að sjá.

Birgir hafði ekki mörg orð um eigið innlegg. Hann kvaðst hafa leitað uppi íslenska bæi sem bera þekkt stórborgarnöfn og unnið út frá því þema með ljósmyndatækni. Mér þótti liggja beinast við að hafa orð á eldfornri og bráðskemmtilegri tilhneigingu Íslendinga til að færa heiminn inn fyrir sinn túngarð, og tók Birgir undir það. Allskyns tengingar í þeim kantinum munu væntanlega koma upp í huga sýningargesta áleit Birgir.

Hann benti á að verkin væru öll hin aðgengilegustu án þess að vera einfaldningsleg, áleitin án þess að vera yfirþyrmandi. Myndu þau vafalaust hvetja menn til virkra hugleiðinga um ýmiskonar fyrirbæri og tengsl í sjálfsmynd Íslendinga sem vanabundin eru orðin. Hann taldi verkin vera með innhverfara móti að því marki sem þau hvetji til innhverfar ihugunar.